**Nd.** **419. Þingsályktun**

um afnám eftirlauna.

(Afgreidd frá Nd. 7. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 5 manna milliþinganefnd, til þess að íhuga rækilega óskir þjóðarinnar um afnám lögákveðinna eftirlauna.

Jafnframt skal nefndin rannsaka launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs, og sjerstaklega koma fram með tillögur til þeirrar skipunar á þeim, er nauðsynleg og sanngjörn virðist í sambandi við afnám eftirlauna.

Tillögur, sem lúta að þessu, leggur stjórnin síðan fyrir Alþingi.